



Menntamálaráðuneytið
Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
menntamálaráðherra
Sölvhólsgötu 4
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. ágúst 2007
Tilvísun: HI07060085/005.1

Efni: Viðbrögð Háskóla Íslands við lokaskýrslum sérfræðinganefnda vegna umsóknar HÍ um viðurkenningu

Vísað er til þriggja bréfa ráðuneytis sem fylgdu lokaskýrslum sérfræðinganefnda (sem trúnaðarmál) vegna umsókna Háskólans um viðurkenningu fyrir fræðasvið náttúruvísinda (bréf dags. 18. júní 2007), verk- og tæknivísinda (bréf dags. 27. júní 2007) og hugvísinda (bréf dags. 28. júní 2007). Í bréfum ráðuneytis var óskað eftir því að athugasemdir - ef einhverjar eru - berist ráðuneyti innan fjögurra vikna frá dagsetningu bréfs. Vegna sumarleyfa sem í hönd fóru var fresturinn rýmkaður til 22. ágúst.

Fyrir hönd Háskóla Íslands er starfsfólki menntamálaráðuneytisins sem að málinu kom færðar þakkir fyrir gott samstarf um þetta verkefni og sömuleiðis starfsfólki RANNÍS og erlendu sérfræðingunum sem skipuðu matsnefndirnar og settu saman skýrslurnar um fræðasviðin.

Þær deildir Háskólans sem hlut áttu að máli voru raunvísindadeild vegna náttúruvísindasviðs, verkfræðideild vegna verk- og tæknivísindasviðs og hugvísindadeild og guðfræðideild vegna hugvísindasviðs. Viðkomandi deildir Háskólans áttu þess kost að gera athugasemdir og setja fram ábendingar við drög að matsskýrslum á fyrri stigum umsóknarferlisins. Flestar þessara athugasemda og ábendinga voru teknar til greina. Ekki er talin ástæða til þess nú, er lokaskýrslur liggja fyrir, að gera sérstakar athugasemdir við efni skýrslanna umfram það sem fram kemur í meðfylgjandi bréfum deildanna.

Vinnan við undirbúning umsókna um viðurkenningu var í senn umfangsmikil og gagnleg og mun eðli máls samkvæmt nýtast í starfi Háskólans. Þannig er til dæmis gert ráð fyrir því að ekki verði látið staðar numið við lýsingu á inntaki námsleiða og prófgráða, sbr. 8. hluta, heldur verði gerð samsvarandi viðmið um einstök námskeið sem saman mynda námsleiðina. Í mörgum tilvikum hefur það reyndar verið gert samhliða, þótt það komi ekki fram í umsókninni, enda ekki ráð fyrir því gert.


Ábendingar um starfsemi fræðasviðanna sem fram koma í skýrslunum komu í langflestum tilvikum ekki á óvart. Allar ábendingar og athugasemdir verða vandlega yfirfarnar í samvinnu við viðkomandi deildir og brugðist við þeim eftir því sem kostur er. Háskóli Íslands hefur á undanförunum fáum árum gengist undir nokkrar ytri úttektir sem ýmist hafa tekið til Háskólans

í heild eða einstakra deilda hans. Skýrslur um þrjár slíkar ytri úttektir voru birtar á árinu 2005, þ.e. úttekt Ríkisendurskoðunar á fjárhagsstöðu, fjármögnun, árangri, gæðum, rekstrarformi og stjórnarsýslu Háskólans, úttekt menntamálaráðuneytis á akademískri stöðu Háskóla Íslands, sem tekur til rannsóknastarfs við skólann á árunum 1999–2002, og úttekt Samtaka evrópskra háskóla (EUA) þar sem lögð er sérstök áhersla á uppbyggingu framhaldsnáms og gæðastarf innan skólans. Þá hafa nýlega verið gerðar ytri úttektir á hugvísindadeild (skýrsla 2006) og raunvísindadeild (skýrsla 2007).

Allar þessar úttektir hafa í reynd staðfest mjög sterka stöðu Háskólans sem kennslu- og rannsóknastofnunar. Þær hafa nýst vel í starfi skólans og rennt stoðum undir stefnu Háskóla Íslands 2006-2011 sem samþykkt var á háskólafundi 5. maí 2006 og staðfest af háskólaráði 11. maí 2006.

Í kjölfar þeirrar stefnumörkunar var hinn 11. janúar 2007 undirritaður samningur á milli menntamálaráðuneytisins og Háskólans um kennslu og rannsóknir sem gildir til ársloka 2011. Samningurinn geymir helstu áherslur í starfsemi HÍ á samningstímabilinu og eru sameiginleg markmið samningsaðila að tryggja gæði kennslu og rannsókna við HÍ, stuðla að metnaðarfullri framþróun í starfsemi skólans á samningstímanum og að skapa forsendur fyrir því að HÍ öðlist viðurkenningu sem háskóli í fremstu röð í heiminum. Í samningnum kemur fram að HÍ muni aðlaga starfsemi sína nýjum lögum um háskóla á samningstímanum, m.a. að afla sér viðurkenningar á þeim fræðasviðum sem skólinn starfar á. Með þeim umsóknum sem fram hafa verið lagðar fyrir fræðasvið náttúruvísinda, verk- og tæknivísinda og hugvísinda sem nú hafa sætt mjög jákvæðu mati sérfræðinga telur Háskólinn sig hafa uppfyllt markmiðið fyrir þessi þrjú fræðasvið. Fyrir liggur að Háskólinn mun leggja fram umsóknir hinn 1. september nk. um viðurkenningu fyrir fræðasvið heilbrigðisvísinda og félagsvísinda.

Virðingarfyllt



Kristín Ingólfssdóttir
rektor

Reykjavík 9. ágúst 2007

Undirritaður hefur kynnt sér skýrslu sérfræðinganefndar um viðurkenningu á fræðasviði hugvísinda.

Ekki eru gerðar athugasemdir við skýrsluna. Í henni er hins vegar bent á ýmsa veikleika sem guðfræðideild hefur raunar verið meðvituð um og leitast við að bæta úr eftir því sem færi hefur gefist.

Í því sambandi má einkum nefna að á bls. 15 í skýrslunni er bent á þann veikleika sem í því felst að námsframboð hefur verið skorið niður jafnvel svo að BA-nemar og meistaranemar þurfi að sitja sömu námskeið. Úr þessu hefur verið reynt að bæta með auknum kröfum á meistaranema (aukaverkefni og slíkt) eða með því að láta einingavægi námskeiðanna endurspegla muninn milli stiganna tveggja.

Þá er bent á mikilvægt atriði sem deildin þarf að hafa í huga við nýráðningar á næstu árum á bls. 20. Þ. e. að stefna að því að ráða yngri kennara og huga vel að kynjahlutföllum við ráðningar. Í reglum deildarinnar um nýráðningar er þegar að finna tilvísun til jafnréttistefnu HÍ. Því hefur verið brugðist við öðrum lið þessarar ábendingar.

Það er guðfræðideild mikið keppikefli að auka fjölda stúdenta og verða þannig að hagkvæmari rekstrareiningu. Af þeim sökum hlýtur hún að taka mjög mið af því sem segir á bls. 22 um hættuna á því að „grade inflation“ segi til sín.

Virðingarfyllt

Hjalti Hugason
deildarforseti



Þórður Kristinnsson
Kennslusvið H.Í.
Aðalbygging

Reykjavík, 20. ágúst 2008

Efni: Minnisblað frá Hugvísindadeild - vegna Skýrslu sérfræðinganefndar

Hugvísindadeild lýsir ánægju sinni með Skýrslu sérfræðinganefndarinnar vegna umsóknar deildarinnar um viðurkenningu á fræðasviði sínu og telur vinnu þá sem unnin var í tengslum við umsóknina geta orðið afar gagnlega fyrir þróunarstarf deildarinnar. Almennt má segja að Viðmið um æðra nám og prófgráður sem Menntamálaráðuneytið gaf út, svo og umsóknarferlið sjálft, einkum viðmiðasetningin hjá einstökum greinum, hafi reynst Hugvísindadeild mjög gagnleg, þrátt fyrir full knappan tímaramma, og ljóst að þessi vinna hefur lagt grunn að skipulegri þróun hinna ýmsu námsbrauta í deildinni. Með þessari vinnu hefur aukist gagnsæi og markvæsi námsbrautanna, auðveldara verður að huga að jafnvægi milli nauðsynlegrar undirstöðuþekkingar og rannsóknartengdrar nýsköpunar og öll eftirfylgni verður einnig auðveldari. Þessi vinna gagnast einnig í öllu því sem lýtur að stigskiptingu grunnnáms og framhaldsnáms.

Í Skýrslu sérfræðinganefndarinnar eru ýmis atriði og ábendingar sem deildinni munu gagnast við útfærslu og mótun stefnu sinnar. Að vísu lúta sum atriði að skipulagi og starfi Hugvísindadeildar sem hluta af Háskóla Íslands, til dæmis Uglan, aðstaða, byggingar, almennar reglur og skipulag; almennar skipulagsbreytingar í HÍ; siðareglur; gildi; einnig er stjórnkerfi deildarinnar mótað í almennum reglum HÍ, svo og ráðningamál, frammistöðumat, fjárframlög o.þ.h. Á hinn bóginn eru ýmis atriði sem varða það sem sérstakt má telja við Hugvísindadeild. Til þessara þátta má telja sjálfa menntunina sem deildin býður upp á, svo og stoðþjónustu hennar, nýtingu fjármuna, stefnumótun og önnur áhersluatriði sem eru á forræði deildarinnar.

Eins og fram kemur í Skýrslu sérfræðinganefndarinnar var skýrsla vegna ytri úttektar á Hugvísindadeild (svonefnd PRG skýrsla) frá janúar 2006 höfð til hliðsjónar við stefnumótun deildarinnar og því hefur deildin þegar brugðist við ýmsum ábendingum sem einnig má finna í Skýrslu sérfræðinganefndarinnar, en gera má ráð fyrir að nokkurn tíma taki að vinna úr þessum ábendingum og fylgja þeim eftir. Ljóst er að styrkja þarf stoðþjónustu deildarinnar og hefur deildin þegar gripið til ráðstafana þar að lútandi.

Ábendingar Skýrslu sérfræðinganefndarinnar um áherslur og sérstöðu þeirrar menntunar sem Hugvísindadeild lætur í té eru einnig mjög gagnlegar. Mikilvægt er að halda í og treysta þau gæði sem bent er á og felast m.a. sterkri stöðu íslenskra fræða, svo og í

þjónusta deildarinnar við þjóðfélagið með virkri þátttöku kennara hennar í menningarumræðunni; einnig í opnum aðgangi að menntun sem veitir færni til atvinnu á ýmsum sviðum þjóðfélagsins. Þá eru einnig athyglisverðar ábendingar nefndarinnar um að hlúa beri að samvinnu við sérhæfðar og alþjóðlega viðurkenndar stofnanir, um tengsl rannsókna og kennslu, og nýtingu kennslukrafta.

Sérfræðinganefndin benti einnig á nokkur atriði sem vert væri fyrir Hugvísindadeild að skoða nánar, svo sem inntöku nemenda, einkunnagiðf í deildinni, skil BA og MA náms, áherslusvið deildarinnar í þróun og innleiðingu nýrra námsgreina o.fl. Hugvísindadeild fellst á að þetta eru mikilvæg atriði til þess að hafa í huga í þróunarstarfi deildarinnar og unnið er að því að móta leiðir til þess að kanna stöðu þessarra mála frekar og koma í framkvæmd breytingarferli sem markar þessu stað í stefnu og áherslu í starfi á næstunni.

f.h. deildarforseta Hugvísindadeildar



Óskar Einarsson
skrifstofustjóri